

Vinnuskóli

Vinnuskólinn verður starfræktur frá 8. júní til 31. júlí og er fyrir unglinga fædda árin 1999 - 2002. Daglegur vinnutími verður kl. 8-12 og 13-15 fimm daga vikunnar fyrir elstu börnin, en fjóra daga fyrir hin yngri.

Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu (www.dalir.is) og skrifstofu Dalabyggðar.

Umsóknarfrestur er til og með **15. maí** 2015.

Uppbyggingasjóður Vesturlands

Styrkir úr Uppbyggingasjóði koma í stað styrkveitinga úr sjóðum menningar- og vaxtarsamninga.

Veittir verða styrkir úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands til atvinnuþróunar og nýsköpunar, verkefnastyrkir á sviði menningar og stofn- og rekstrarstyrkir til menningarmála.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, www.ssv.is.

Starfsmenn SSV verða með viðtalstíma í Leifsbúð miðvikudaginn 15. apríl kl. 11-13.

Sælingsdalslaug apríl

Opnunartímar Sælingsdalslaugar í apríl eru á

þriðjudögum	kl. 15:30 - 20:00
miðvikudögum	kl. 18:00 - 21:45
fimmtudögum	kl. 15:30 - 18:30

Laugardaginn 18. apríl verður opið kl. 12-17.

Sjálfböðavinnuverkefni

Minnt er á að umsóknarfrestur er til og með föstudagsins 30. apríl. Á heimasíðu Dalabyggðar má finna reglur um sjálfböðavinnuverkefni og umsóknareyðublöð.



DALAPÓSTURINN

5. tölublað, 8. árgangur
9. apríl 2015

Íbúafundur 14. apríl

Íbúafundur verður haldinn þriðjudaginn 14. apríl í Dalabúð kl. 20:00.

Dagskrá

1. Ársreikningur Dalabyggðar 2014
2. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun 2015
3. Ferðamenn í Dalabyggð 2004 – 2014
Rögnvaldur Guðmundsson kynnir skýrslu og svarar fyrirspurnum
4. Flokkun úrgangs í nútíð og framtíð
Stefán Gíslason umhverfisstjórnunarfræðingur

Íbúar Dalabyggðar eru hvattir til að mæta.

Sveitarstjórn Dalabyggðar

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur